

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/68*  
*komudagur 12.11.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2004.

Umsögn Kvennráðgjafarinnar um frumvarp til laga um fórnarlamba- og vitnavernd, 13. mál:

Kvennráðgjöfin fagnar frumvarpinu enda mikil réttarbót að lögleiðingu ákvæða Palermo-viðaukans um fórnarlamba- og vitnavernd. Minnt skal á að í viðaukanum er sterkt á kveðið um skyldu stjórnvalda til að tryggja það að fórnarlömb mansals fái aðstoð og ráðgjöf í samræmi við meginreglur hans.

Vakin er athygli á 6. gr. Viðaukans, en þar segir m.a. að stjórnvöld skuli vinna í samvinnu við frjáls félagsamtök og aðrar viðeigandi stofnanir og einkaaðila til að fórnarlömb mansals fái þá ráðgjöf, aðstoð og upplýsingar sem þau þurfa. Telur Kvennráðgjöfin nauðsynlegt að öll málsmeðferð þeirra sem fórnarlamba- og vitnaverndar njóta sem og fórnarlamba mansals almennt fari fram í samvinnu við samtök sem reynslu og þekkingu hafa á málefninu og geta veitt þessum einstaklingum upplýsingar um réttarstöðu þeirra. Er hér sérstaklega bent á Alþjóðahúsið, Stígamat og Kvennráðgjöfina.

Kvennráðgjöfin veitir ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf og hafa m.a. til okkar leitað konur sem unnið hafa fyrir nektardansstaði hér á landi og konur sem vinna sem heimilishjálpar. Hafa frásagnir þeirra á tíðum a.m.k. vakið tilefni til að álíta að um fórnarlömb mansals sé að ræða.

Kvennráðgjöfin bendir einnig á nauðsyn þess að allir þeir sem að málum fórnarlamba mansals koma, þ.e. útlendingayfirvöld, lögregla, félagsráðgjafar og heilbrigðisstéttir, fái nauðsynlega þjálfun, sem m.a. miðar að því að auka skilning þeirra á aðstæðum fórnarlamba mansals og hversu gróflega er brotið gegn mannréttindum þessara einstaklinga.

Virðingarfyllst,  
f.h. Kvennráðgjafarinnar



Margrét Steinarsdóttir  
lögfræðingur